

Mánudaginn hinn 19. októbermánaðar.

Nr. 43/1908:

Réttvísni
gegn
Finnboga Jenssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 11. júlí þ. á., var hinn ákærði Finnbogi Jensson, húsmaður í Hnífsdal, dæmdur fyrir brot gegn 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan löglegan sakarkostnað, en dómi þessum hefir eftir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er í máli þessu sannað með eiginni játningu hins ákærða, sem er í samræmi við aðrar skýrslur málsins, að hann hafi 12. júní þ. á. tekið 1 fl. af bitterbrennivíni út í reikning annars manns, Sigurðar nokkurs Jónassonar á Ísafirði, við verzlun Á. Ásgeirssonar þar á staðnum, og tjáði hann sig hafa umboð Sigurðar til þessa. En í raun og veru hafði hann enga heimild frá Sigurði til að taka brennivínið út í hans reikning, og kannaðist ákærði við það síðar undir rannsókn málsins. Brennivínsflaskan kostaði 1 kr. 20 a., og var henni skilað aftur. — Þessi verknaður hins ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt hegningardómi, er af héraðsdómaranum réttilega heimfærður undir 253. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkjast, verður þannig að staðfesta téðan

dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Finnbogi Jensson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claesen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 33/1908:

Kristín Jónsdóttir

gegn

Gísla Þorbjarnarsyni.

D ó m u r :

Með skjali dags. 1. marz 1907 fekk Pétur Bjering verzlunarmaður Gísla búfræðingi Þorbjarnarsyni umboð til að leigja húsið nr. 6 við Laugaveg hér í bænum, þó eigi fyrir minni leigu en 40 kr. um mánuðinn. Með samningi dags. 6. s. m. seldi Gísli húsið á leigu Kristínu